

**Skýrsla stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf. vegna hlutafjálækkunar  
samkvæmt 2. mgr. 51. gr., sbr. 2. mgr. 33. gr. laga nr. um hlutafélög nr. 2/1995**

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík („VÍS“) leggur eftirfarandi tillögu fyrir hluthafafund félagsins sem haldinn er miðvikudaginn 27. júní 2018:

„Hluthafafundur VÍS, haldinn 27. júní 2018, samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 1.800.000.000, og verður lækkunin greidd með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf. Fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf. sem afhent verða hluthöfum á greiðsludegi skal miða við meðalverð viðskipta með hlutabréf í Kviku banka hf. síðustu fimm viðskiptadaga fyrir greiðsludag hlutafjálækkunarinnar. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um (1) samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. kröfur reglugerðar ESB nr. 2015/35, sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 585/2017, (2) að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra veiti félaginu undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og (3) að lögboðnum forsendum sé að öðru leyti fullnægt.

Lækkunin verður að nafnverði kr. 250.000.000 eða sem næmur 250.000.000 hlutum í VÍS. Lækkunarfjárhæð sem er umfram nafnverð, eða kr. 1.550.000.000, mun verða færð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé félagsins.

Að því tilskildu að fyrirvörum hlutafjálækkunarinnar verði fullnægt, skal greiðsla til hluthafa innt af hendi svo fljótt sem auðið er, en aldrei fyrr en sjö viðskiptadögum eftir að fyrirvörum er fullnægt. Skal félagið þá senda tilkynningu til kauphallar og upplýsa nánar um framkvæmd lækkunarinnar, þ.m.t. um greiðsludag. Við útgreiðslu til hluthafa skal miða við hlutaskrá félagsins í lok viðskiptadags fimm viðskiptadögum fyrir greiðsludag.

Útgreiðsla hlutafjálækkunarinnar er skilyrt við að fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf., sem þarf til útgreiðslu hlutafjálækkunarinnar, fari ekki umfram 300.000.000 hluti en sé skilyrðinu ekki fullnægt skal fallið frá hlutafjálækkun.

Við ákvörðun stjórnar um tillögu til hluthafafundar um ofangreinda lækkun hlutafjár, liggja frammi upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 51. g. laga um hlutafélög nr. 2/1995, sbr. 2. mgr. 33. gr. sömu laga. Auk ársreiknings félagsins fyrir árið 2017 liggur frammi árshlutareikningur fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2018.

Tilgangur skýrslu þessarar er að gefa upplýsingar um það hvort atriði hafi komið upp sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir að reikningar síðasta reikningsárs voru gerðir.

Frá samþykkt ársreiknings fyrir árið 2017 hefur félagið kynnt árshlutauppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2018. Á sama tíma gaf félagið út uppfærða afkomuspá sem gerir ráð fyrir að samsett hlutfall fyrir árið 2018 verði 94,9% og að hagnaður ársins fyrir skatta verði um 3.400 milljónir króna.



Stjórn telur að ekki hafi komið upp atriði sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir að reikningar síðasta reikningsárs voru gerðir.

Leggur stjórn VÍS til að tillagan um lækkun hlutafjár verði samþykkt af hluthafafundi.

Reykjavík, 1. júní 2018

  
Helga Hlín Hákonardóttir, stjórnarformaður

  
Gestur Breiðfjörð Gestsson  
  
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir

  
Jón Sigurðsson  
  
Valdimar Svavarsson

Undirritaður endurskoðandi VÍS hefur kynnt sér ofangreinda skýrslu VÍS, ásamt tilgreindum fylgiskjöllum, og staðfesti fyrir mitt leyti að skýrslan er rétt og geri engar athugasemdir við þau sjónarmið og fjárhæðir sem nefndar eru.

  
löggitur endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers ehf.